

Ársskýrsla 2023

Hlutverk SEF er að ráðstafa því fé sem mennta- og barnamálaráðuneytið úthlutar til endurmenntunar framhaldsskólakennara ár hvert. Nefndin fer yfir umsóknir og gerir tillögur um styrkveitingar. Nefndin mótar jafnframt stefnu sjóðsins, m.a. tegund verkefna sem styrkt eru og verklagsreglur.

Breytingar urðu í stjórn sjóðsins á árinu þar sem m.a nýr formaður var skipaður.

Stjórn SEF árið 2023 skipuðu:

- Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, fulltrúi mennta- og barnamálaráðuneytis og formaður nefndarinnar.
- Símon Cramer, fulltrúi Kennarasambands Íslands.
- Kristinn Þorsteinsson, fulltrúi Skólameistarafélags Íslands.
- Sólveig Kristjánsdóttir fulltrúi Félags framhaldsskólakennara.

Nefndin hélt tvo fundi á árinu:

- 20. mars (nefndarfundur og úthlutun sumarnámskeiðsstyrkja)
- 26. september (nefndarfundur)
- 12 október (nefndarfundur og úthlutun ráðstefnu- og gestafyrirlesarastyrkja)
- 25. Október (fundur með formönnum fagfélaga kennara)

Starfsemi

Stjórn SEF ákvað að halda áfram að veita styrki til tveggja styrkjaflokka: Sumarnámskeiða og gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja. Einingabær námskeið í háskólum hafa undanfarið verið styrkt en ekkert var sótt um það á árinu. Umsóknarfrestur sumarnámskeiða var 10. mars sem er töluvert síðar en venja er fyrir og skýrist það af formannsskiptum sem þá fóru fram. Umsóknarfrestur gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja var 5. október. Utan hefðbundinna úthlutana og funda tengda þeim fór fram endurskoðun stjórnar á reglum sjóðsins. Í kjölfarið var ákveðið að breyta nokkrum atriðum:

- Fagfélög sem áður þurftu að fá bókhaldsskylda stofnun til þess að sækja um í sínu nafni geta frá 2024 sótt sjálf um.
- Fagfélög væru þau einu sem gætu sótt um gestafyrirlesarastyrk frá og með 2024.
- Nokkur viðmið í gjaldskrá vegna sumarnámskeiða voru hækkuð.
- Ráðstefnu- og gestafyrirlesarastyrkir voru hækkaðir. Hver ráðstefnustyrkur frá 250.000kr í 300.000kr og gestafyrirlesarastyrkur úr 80.000kr í 100.000. Tók sú breyting gildi fyrir úthlutun 2023.

Í kjölfar þessarar ákvörðunar var haldin fundur með formönnum fagfélaganna sem fram fór í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ þann 25. október.

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís. Rannís sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfraeði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Fjárhagsuppgjör

Fjárhagsstaða sjóðs SEF 2023

Af fjárlagalið 40.000.000

Úthlutun

Sumarnámskeið úthlutað upphæð 20.119.200

Sumarnámskeið útgreidd upphæð 16.951.039

Af því var ferðakostnaður kennara af landsbyggðinni 1.396.700

Gestafyrirlestra- og ráðstefnustyrkir 20.300.000*

*Greitt út á tímabilinu 1.nóvember 2023 – 31. október 2024

Umsýsla Rannís 3.049.000

Einingabært nám í háskólum 2023 0

Sumarnámskeið

Umsóknir voru alls 23 talsins en ein var metin ógild. Úthlutað var til 22 sumarnámskeiða á árinu 2023 fyrir samtals 538 kennara. Af þeim fóru 19 fram en þremur var aflýst. 18 námskeið fóru fram hér á landi en eitt erlendis að þessu sinni. Af þessum námskeiðum voru átta haldin hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og 11 hjá öðrum bókhaldsskyldum stofnunum. Endanlegur fjöldi kennara sem sótti þessi námskeið voru 332 talins og var meðallengd þeirra u.þ.b. 2,36 dagar.

Tafla 1. Sumarnámskeið innanlands

Námskeiðshaldari	Nafn – Fagfélag	Heiti eða lýsing námskeiðs	Úthlutun kr.	Lokagreiðsla m/ferðastyrk kr.
Félag enskukennara á Íslandi	Félag enskukennara á Íslandi	<i>Current topics in English literature and culture</i>	1.700.000	1.500.065
Félag félagsfræðikennara á framhaldsskólastigi	Félag félagsfræðikennara á framhaldsskólastigi	<i>Lýðræði, umrót og áttakamál - Belfast</i>	2.074.000	1.022.871
Félag kynjafræðikennara	Félag kynjafræðikennara	<i>Kynferðisofbeldi og ábyrgð framhaldsskólans</i>	650.000	0

Félag náms- og starfsráðgjafa	Félag náms- og starfsráðgjafa	<i>Sýnileiki og samfélagsmiðlar</i>	318.000	0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	<i>Kveikjum neistann hjá nemendum.</i>	500.000	485.000
FLÍF-félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum	FLÍF-félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum	<i>Fjármála- og neytendavitund</i>	430.000	345.824
Hallormsstaðaskóli	FATEX	<i>Skapandi sjálfbærni endurmenntun FATEX</i>	1.426.000	1.605.568
Endurmenntun HÍ	Samtök móðurmálskennara	<i>Skapandi starf í íslenskukennslu</i>	934.100	1.044.020
Endurmenntun HÍ	Félag íslenskra sérkennara	<i>Að vinna með skapandi skrif á starfsbrautum</i>	837.350	786.637
Endurmenntun HÍ	Félag sögukennara	<i>Borðspil í sögu- og félagsgreinakennslu</i>	826.500	800.440
Endurmenntun HÍ	Félag starfsbrautakennara	<i>Áskoranir nemenda og kennara á starfsbrautum</i>	849.100	1.114.835
Endurmenntun HÍ	Flötur, samtök stærðfræðikennara	<i>Að byggja upp hugsandi kennslurými</i>	1.325.900	1.239.380
Endurmenntun HÍ	Samtök sálfr/uppeldisfr kennara	<i>Jákvæð sálfræði og vellíðan - vinnustofa</i>	800.600	750.223
Endurmenntun HÍ	Fagfélag hársnyrtikennara	<i>Stafræn framsetning á verklegri kennslu</i>	989.600	950.027
Endurmenntun HÍ	Félag spænskukennara á Íslandi	<i>Þjálfun L2 nemenda í tjáningu og töluðu máli.</i>	1.195.500	979.461
Landbúnaðarháskóli Íslands	Samlíf	<i>Einstök vistkerfi þúfuvers</i>	1.104.000	1.04.000
Menntaskólinn að Laugarvatni	Menntaskólinn að Laugarvatni	<i>Geogebra og Desmos fyrir framhaldsskólakennara</i>	978.000	0
Menntaskólinn við Sund	Menntaskólinn við Sund	<i>Fitjað rétt upp á þrjónana</i>	270.500	270.500
SKVOH	SKVOH	<i>Sumarnámskeið SKVOH</i>	425.000	425.000
Tækniskólinn ehf.	FTK – félag tölvunar- og kerfisfræðikennara í framhaldsskólum	<i>Tölvuleikjapróun á framhaldsskólastigi</i>	460.800	460.800
Verkmenntaskóli Austurlands	Verkmenntaskóli Austurlands	<i>Efling leiðsagnarnáms í VA</i>	850.000	850.000

Verslunarskóli Íslands	3F Félag um upplýsingatækni og menntun	<i>Skapandi gervigreind</i>	1.174.000	1.216.800
-------------------------------	--	-----------------------------	-----------	-----------

Gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkir

Um er að ræða tvenns konar styrki; annars vegar má veita faggreinafélögum og menntaskólum styrk til að senda einn til tvo einstaklinga á ráðstefnu erlendis og hins vegar styrk sem nýta má í heimsókn gestafyrirlesara í félagið eða skólann. Ein umsóknarlota var að hausti og rann fresturinn út þann 6. október en styrktímabilið er frá 1. nóvember 2023 til 31. október 2024. Upphæð gestafyrirlesarastyrkja var 100.000 kr. og upphæð ráðstefnustyrkja var 300.000 kr. á mann.

51 umsóknir bárust og voru allar samþykktar. Úthlutað var samtals 20 gestafyrirlesarastyrkjum og 31 ráðstefnustyrkjum. Heildarupphæð samþykkttra umsókna var kr. 20.300.000. Eftirfarandi aðilar hlutu styrk:

Tafla 3. Gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkir 2019-2020

Fagfélag/Skóli	Tegund styrks	Styrkupphæð Úthlutað kr.
Borgarholtsskóli	1 gestafyrirlesarastyrkur	100.000
Félag dönskukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag enskukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag frönskukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag sérkennara á Íslandi	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Félag kennara í rafiðngreinum	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag náms- og starfsráðgjafa	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Félag raungreinakennara	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Félag sálfr/uppeldisfr. kennara	1 gestafyrirlesarastyrkur	100.000
Félag starfsbrautakennara	2 ráðstefnustyrkur og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag sögukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag um leiklist í skólastarfi, FLÍSS	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Félag þýskukennara á Íslandi	2 ráðstefnustyrkur og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	2 ráðstefnustyrkir	600.000

Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Flensborgarskólinn	2 ráðstefnustyrkir	600.000
FLÍF – Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Framhaldsskólinn á Húsavík	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Framhaldsskólinn á Laugum	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Framhaldsskólinn á Vestmannaeyjum	2 ráðstefnustyrkir	600.000
FTK, félag tölvunar- og kerfisfræðikennara í framhaldsskólum	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Kvennaskólinn í Reykjavík	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Menntaskólinn á Akureyri	1 ráðstefnustyrkur	300.000
Menntaskólinn á Ísafirði	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Menntaskólinn í Kópavogi	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Menntaskólinn við Hamrahlíð	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum - SKVOH	2 ráðstefnustyrkir	500.000
Samtök List- og hönnunarkennara á framhaldsstigi	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Samtök líffræðikennara – Samlíf	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Samtök móðurmálskennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
STÍL – Samtök tungumálakennara	1 gestafyrirlesarastyrkur	80.000
Verkmenntaskóli Austurlands	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000

Reykjavík 18. apríl 2023

Skúli Leifsson, Rannís